

Íslenskur iðnaður

SI

5. tbl. 13. árg

Samtök iðnaðarins

Maí 2007



Gerum gott úr þessu - Nýtt endurvinnslumerki prentmiðla á Íslandi. Sjá á blaðsíðu 6.

bls. 2



*Þjóðarsátt um
stöðugleika*

bls. 3



*Lýsi hf. hlaut
Útflutningsverðlaun
forseta Íslands*

bls. 5



Samstarf MIT og
HR í umboði SI
og VI

bls. 6



Gott til
endurvinnslu

bls. 7



Þjóðarsátt um stöðugleika

Á Írlandi hefur verið mikill hagvöxtur undanfarin ár. Mun meiri raunar en á Íslandi. Eins og allir vita hafa Írar tekið upp evruna og eru því ekki lengur með sjálfstæða peningastjórn. Samkvæmt kenningum þeirra, sem tala fyrir svokallaðri sjálfstæðri peningastjórn smáþjóða, ættu Írar að vera í vondum málum. Samkvæmt því ættu Írar að hafa mikla þörf fyrir að hækka vexti upp úr öllu valdi til að verjast verðbólgu vegna mikils hagvaxtar.



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Heilbrigður hagvöxtur

En Írar hvorki geta né vilja hækka vexti upp úr öllu valdi. Þeir búa við stöðugleika í gengi og verðlagi. Hagvöxtur þeirra er byggður á traustum grunni mikilla erlendra fjárfestinga og vaxandi útflutningsframléiðslu. Íslenskur hagvöxtur á því miður að allt of miklu leyti rætur að rekja til einkaneyslu og erlendarar skuldasöfnunar. Slíkur hagvöxtur verður ekki sjálfbær til lengdar.

Stöðugleiki og agi í hagstjórninni

Það er áhugavert að skoða reynslu nágrannalanda okkar, Finnlands og Írlands, af aðild sinni að ESB. Það ætti að vera fróðlegt fyrir okkur Íslendinga að fræðast um þann stöðugleika og aga sem einkennir efnahagsstjórnina í þessum löndum. Bæði eru þau í hópi smáþjóða innan ESB. Bæði hafa tekið upp evru og bæði búa við hvað mestan hagvöxt af Evrópulöndum. Alveg sérstaklega er áhugaverð sú samstaða eða þjóðarsátt sem tekist hefur um það að launaþróun sé í takt við framleiðniaukningu og að stöðugleiki í efnahagslífinu sé grundvallarforsenda framfara.


Hér er annað uppi á teningnum

Launahækkningar hér á landi hafa um langt árabil verið tvöfalt til þrefalt meiri en í nágrannalöndunum og því miður algenglega úr takti við framleiðniþróun. Einkaneysla og opinber útgjöld hafa vaxið gífurlega. Afleiðingin er óhjákvæmilega aukin verðbólga sem ætti varla að koma á óvart því að þrátt fyrir allt gilda grundvallarlögmál hagfræðinnar á Íslandi þótt margir eigi erfitt með að trúna því.

Krónan í gíslingu

Seðlabanki Íslands hefur reynt að halda verðbólgu í skefjum með gífurlegum vaxtahækkunum. Þær hafa á hinn bóginn valdið því að gengi íslensku krónunnar hefur styrkst um rúm 11% frá áramótum. Íslenska krónan er komin í gíslingu erlendra spákaupmanna en það sem af er ári hafa samtals verið gefin út jöklabréf að fjárhæð 156 milljarðar króna.

Stýrivextir og vaxtamunur milli Íslands og Evrópu 2001-2007



Óraunhæf kosningaloforð

Vonandi verður ekki staðið við öll þau óraunhæfu loforð sem gefin voru út fyrir kosningarnar. Það er óumdeilt að draga þarf úr þenslu í hagkerfinu en þá riður á að forgangsraða þannig að arðbær verkefni, sem skapa gjaldeyristekjur og draga úr viðskiptahalla, fái forgang en gæluverkefnum stjórnmalamanna og innistæðulausum kosningaloforðum verði slegið á frest.

Þurfum þjóðarsátt

Vonandi tekst nýrri ríkisstjórn að finna leið út úr efnahagslegum ógöngum sem við Íslendingar höfum ratað í með hina veiku og óstöðugu mynt okkar. Ný ríkisstjórn þarf að ná þjóðarsátt um að halda opinberum útgjöldum í skefjum. Aðilar vinnumarkaðarins þurfa að ná sátt um að gera raunhæfa kjarasamninga. Taka þarf evruna og ESB aðild á dagskrá og skoða fordómalaust reynslu annara smáríkja af aðild. Við þurfum að nota næsta kjörtímabil til að aga efnahagsstjórnina og ná niður vöxtunum. Þá þarf að taka umræðuna um aðild föstum tókum. Menn mega ekki setjast óundirbúnir að samningaborði þegar kemur að aðildarviðræðum.

Lýsi hf. hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands



Ólafur Ragnar Grímsson, Katrín Pétursdóttir, Jón Ásbergsson og Valur Valsson

Lýsi hf. hlaut á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 19. apríl, Útflutningsverðlaun forseta Íslands við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin en það var Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri sem veitti verðlauninum viðtöku fyrir hönd fyrirtækisins.

Útflutningsverðlaun forseta Íslands eru veitt í viðurkenningarskygni fyrir markvert framlag til eflingar útflutningsverslun og gjalddeyrisöflun íslensku þjóðarinnar. Útflutunarreglur kveða á um að verðlaunin skuli veitt fyrirtækjum eða einstaklingum, íslenskum eða erlendum, fyrir árangursríkt starf að útflutningi á íslenskum vörum eða þjónustu á erlendum markaði. Veiting verðlaunanna tekur m.a. mið af verðmætisaukningu útflutnings, hlutdeild útflutnings í heildarsölu og markaðssetningu á nýjum markaði, ásamt fleiru.

Gert er ráð fyrir 5-10% vexti á ári á helstu mörkuðum

Valur Valsson, formaður úthlutunarnefndar, sagði meðal annars í ávarpi sínu í tilefni verðlaunaveitingarinnar: „Lýsi hf. fær verðlaunin fyrir þann einstaka árangur sem fyrirtækið hefur náð í sölu- og markaðsmálum á afurðum úr lýsi og fyrir þá framsýni sem fyrirtækið hefur sýnt í vörubrúun og eflingu þekkingar og færni á sínu sviði. Fyrirtækið er góður fulltrúi fyrir þann vaxandi fjölda íslenskra fyrirtækja, sem haslar sér nú völl á alþjóðlegum neytendamarkaði með vörur og þjónustu er tengjast heilsueflingu og heilbrigðum lífsháttum. ... Nú má finna vörur frá Lýsi hf. í um 67 löndum. Gert er ráð fyrir að neytendavörusalan muni

gert var ráð fyrir þegar hið nýja verksmiðjuhúsnæði var hannað og almennt er gert ráð fyrir 5–10 % vexti á ári á öllum helstu mörkuðum fyrirtækisins næstu fimm árin.“

Glæsilegur verðlaunagripur

Verðlaunahafinn fær í hendur sérhannaðan verðlaunagrip og skjal, auk þess sem hann fær leyfi til að nota merki verðlaunanna á kynningarefni sitt í fimm ár frá afhendingu. Verðlaunagripinn í ár gerði Leifur Breiðfjörð myndlistarmaður en merki Útflutningsverðlaunanna er eins og áður hannað af Hilmarí Sigurðssyni. Listaverkið eftir Leif heitir Kjarni og er unnið í silfurmósaík, spegil og gler.

Verðlaunin veitt í nítjándu sinn

Þetta er í nítjándu sinn sem verðlaunin eru veitt og í úthlutunarnefndinni sitja fulltrúar frá embætti forseta Íslands, Alþýðusambandi Íslands, viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Landsnefnd alþjóða verslunarráðsins og frá Útflutningsráði en Útflutningsráð ber ábyrgð á undirbúningi og kostnaði við verðlaunaveitinguna.

Samtök iðnaðarins óska Lýsi hf. innilega til hamingju með verðlaunin.

Fyrirtæki innan SI nær helmingur verðlaunahafa

1990 Marel

Í greinargerð sinni kemst úthlutunarnefnd m.a. svo að orði: „Marel hf. hefur unnið mikilvægt brautryðjanda-starf undanfarin ár í sölu og framleiðslu hugbúnaðar og tækja til að auka framleiðni og hagkvæmni í fiskvinnslu á sjó og landi ... Marel hf. hefur lagt ríka áherslu á rannsóknir og tækniþróun og tekur virkan þátt í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi.“

1992 Össur

Fyrirtækið, sem stofnað var snemma á áttunda áratugnum, hafði á síðustu tveimur árum fyrir verðlaunaveitinguna tífaldað verðmæti útflutnings. Við afhendingu verðlaunanna kom m.a. fram að stöðtæki Össurar hf. hjálpuðu einstaklingum að taka þátt í lífsbaráttu á ný. Þau verðmæti kæmu ekki fram í sölutölum.

1994 Sæplast

Fyrirtækið var stofnað af framsæknum einstaklingum 1984 og tæpum áratug síðar var útflutningur orðinn 47% af heildarsölu þess. Í ræðu sinni sagði formaður úthlutunarnefndar fyrirtækið vera stórhuga og hafa unnið að ýmsum þróunarverkefnum í tengslum við framleiðsluvörur þess.

1997 Hampiðjan

Útflutningur Hamiðjunnar jókst hröðum skrefum upp úr 1990 og árið 1996 reyndist sala á erlendum mörkuðum 36% af heildarsölu Hamiðjunnar hf. Fyrirtækið mætti vaxandi samkeppni með auknu þróunarstarfi og framleiðslu á fullbúnum veiðarfærum.

2001 GoPro Landsteinar hf.

„GoPro Landsteinum eru veitt verðlaunin fyrir að hafa náð afar góðum árangri í markaðsfærslu á hugbúnaðarlausnum sínum með markvissu sölustarfi og uppbyggingu áþjónustuneti sínu erlendis,“ segir m.a. í greinargerð úthlutunarnefndar. „Fyrirtækið er góður fulltrúi fyrir þann vaxandi fjölda íslenskra upplýsingatækniyrirtækja, sem haslar sér völl á alþjóðlegum markaði.“

2002 Delta

„Delta hf. eru veitt verðlaunin fyrir þann árangur sem fyrirtækið hefur náð í sölu- og markaðsmálum á samheitalyfjum og lyfjatengdu hugviti og fyrir þá framsýni sem fyrirtækið hefur sýnt í uppbyggingu sinni sem öflugt alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki á sínu sviði,“ sagði formaður úthlutunarnefndar m.a. í ræðu sinni.

2004 Bláa Lónið

Bláa Lóninu eru veitt verðlaunin fyrir þann ágæta árangur sem fyrirtækið hefur á skömmum tíma náð í markaðsfærslu á þjónustu sinni erlendis. Orðstír fyrirtækisins hefur borist um víðan heim og lónið hefur sýnt sig að hafa mikið aðdráttarafi, enda kemur varla sá ferðalangur til landsins að hann vilji ekki sækja Bláa Lónið heim og njóta þeirrar einstöku aðstöðu sem þar hefur verið byggð upp.

2006 3X-Stál hf.

3X-Stál hefur á skömmum tíma náð góðu árangri í sölu og markaðssetningu á sérhönnuðum tækjum og tækjalausnum fyrir matvælaíðnaðinn. 3X-Stál er góður fulltrúi fyrir þau fyrirtæki hér á landi sem byggja rekstur sinn á íslenskri reynslu og íslenskri þekkingu og tekst að laga hana að þörfum hins alþjóðlega markaðar.

Tækniskólinn ehf. orðinn að veruleika

Í síðustu viku undirrituðu fulltrúar Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, LÍÚ, SÍK, Samorku og Samtaka iðnaðarins hluthafasamkomulag um Tækniskólann ehf. Menntamálaráðherra lýsir yfir vilja til að gera þriggja ára samning við Tækniskólann ehf. um að reka starfsemi Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans.

Í síðustu viku undirrituðu fulltrúar Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, Landsambands íslenskra útvegsmanna, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Samorku og Samtaka iðnaðarins hluthafasamkomulag um Tækniskólann ehf. Félagið hyggst sameina rekstur Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík með

þjónustusamningum við ríkisvaldið.

Sameinaður skóli, Tækniskólinn ehf., mun veita nemendum góða þjónustu með því að bjóða fjölbreytt nám sem atvinnulífið óskar eftir. Skólinn leggur áherslu á að búa nemendur undir að taka þátt í fjölbreyttu lýðræðis- og þekkingarsamfélagi. Skólinn hefur m.a. að markmiði að auka samkeppnishæfni starfsfólks og fyrirtækja.

Viljayfirlýsing ráðherra um þriggja ára samning

Menntamálaráðherra hefur tekið vel í viðleitni atvinnulífsins til að sameina þessa skóla. Ráðherra telur rétt að stefna að

því að nýr skóli taki til starfa eigi síðar en um næstu áramót.

Samkvæmt sérstöku bréfi stefnir menntamálaráðherra að því að fela Tækniskólanum ehf. að taka við rekstri Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans í ársbyrjun 2008. Gert yrði ráð fyrir þessari nýbreytni við undirbúning fjárlaga 2008.

Gerður yrði árangursmiðaður þjónustusamningur milli aðila til þriggja ára. Þar verða skilgreind þau markmið sem starfsemi er ætlað að ná samningstímanum.

Ráðherra skipar sjálfstæðan aðila til að gera úttekt á starfsemi Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans. Á grundvelli úttektarinnar verða metnir kostir og gallar sem felast í sameiningu og rekstrarbreytingu skólanna. Úttektinni skal skilað til ráðherra fyrir júnílok í ár.

Ingi Bogi Bogason

Með hendur í hári

Dagana 21. til 23. apríl gekkst endurmenntunardeild fyrirtækisins Hárs ehf. fyrirtækis, sem Elsa í Salon VEH hefur rekið um árabil, fyrir námskeiðum sem eru sérhönnuð fyrir nema, sveina, meistara og kennara í hársnyrtigreininni. Kennari á námskeiðunum var Björg Árnadóttir, sem hefur í mörg ár kennt á slíkum námskeiðum á vegum Hárs ehf. og er sérmenntaður kennari í hársnyrtingu og hárhönnun.

Björg stundaði nám í grein sinni við Iðnskólann í Reykjavík en líkt og margir Íslendingar fyrr og síðar kaus hún að hleypa heimdraganum og halda út í heim. Hún lagði leið sína til Chicago og stundaði þar kennaranám í iðn sinni við hinn fræga Pivot Point skóla og brautskráðist þaðan árið 1990. Pivot kerfið er heimsþekkt aðferðafræði en að sögn Bjargar hafa íslenskir iðnskólar nýtt sér að hluta kerfið sem tekur til námsefnis í hársnyrtið, fræðanna og hins daglega starfs í greininni.

Hárhönnuður á Ítalíu í fjórtán ár

Að námi loknu í Bandaríkjunum stóðu Björgu allar dyr opnar en Ítalía varð fyrir valinu þar sem henni bauðst starf sem „art director“ og kennari við þekktan hársnyrtiskóla, Art Education Science, á norðanverðri Ítalíu skammt frá Bologna. Þar hefur hún verið búsett í 14 ár og

Viðtal við Björgu Árnadóttur, hárhönnuð



unir sér vel. Hún kennir þar hársnyrtinemum meisturum og kennurum og við það nýtur hún aðstoðar margra teyma fagfólks sem hún hefur þjálfað eða alls um 50 manns. Annar stór þáttur í starfi Bjargar er að hanna hártískulínur og halda endurmenntunarnámskeið og sýningar víðs vegar á Ítalíu í hverri viku.

Mikil áhersla á endurmenntun

Björg segir að „art director“ þurfi að hafa mikla yfirsýn yfir tískustrauma og fylgjast náið með hátískunni hverju sinni til að geta miðlað því til nemenda sinna. Hún leggur mikla áherslu á að nemendur hennar geri sér grein fyrir hvað hentar hverjum viðskiptavini sem best án þess þó að taka af algerlega af honum ráðin og segir að mannleg samskipti skipti mjög miklu máli í starfinu, bæði hvað varðar kennsluna og viðskiptavininn.

Björg segist hafa mikla ánægju af að koma til Íslands og halda fjölbreytt námskeið. Henni finnst Íslendingar hafa gott auga fyrir því sem gerist annars staðar og fylgist vel með tískunni. Hún segir mikilvægt að hársnyrtifólk sé duglegt að sækja endurmenntunarnámskeið bæði í formi sýnikennslu og með því að spreyta sig sjálf í „workshop“ í stað þess að vera eingöngu áhorfendur.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Samstarf MIT og HR í umboði SI og VÍ

Fyrir skömmu var undirritaður samstarfssamningur MIT við Samtök iðnaðarins og Viðskiptaráð Íslands og sér Háskólinn í Reykjavík um framkvæmd hans. Samningurinn gerir íslenskum fyrirtækjum kleift til að sækja sér þekkingu í fræðasamfélag MIT sem skipt getur sköpum fyrir samkeppnisforskot fyrirtækja.

Þekking og nýsköpun fyrir íslensk fyrirtæki

Fyrirtæki sem vilja vera í fremstu röð á tímum örrar tæknipróunar og breytinga í stjórnun þurfa sífellt að vera vakandi fyrir tækifærum sem gefast til að auka þekkingarsköpun. Þekking og nýsköpun eru undirstaða frampróunar á öllum sviðum atvinnulífsins, hvort sem um er að ræða tæknifyrirtæki, þjónustugeirann, framleiðslu eða menntun.

Háskólinn í Reykjavík hefur umsjón með nýjum samstarfssamningi íslensks atvinnulífs við MIT háskólann í Boston (Massachusetts Institute of Technology) í samstarfi við Samtök iðnaðarins og Viðskiptaráð og íslenskum fyrirtækjum býðst nú að taka þátt í samstarfinu. Samningurinn felur í sér aðgang að víðtæku samstarfi, þekkingu og færni MIT samkvæmt þörfum, markmiðum og óskum þeirra fyrirtækja sem taka þátt í samstarfinu. Auk þess fá samstarfsaðilar allar upplýsingar um nýjungar, rannsóknir og þróunarverkefni sem verið er að vinna að og tengjast þörfum íslenskra fyrirtækja.

Samstarfinu var formlega hleypt af stokkunum með ráðstefnu í byrjun maí þar sem fulltrúar MIT kynntu samstarfið og áttu fundi með fulltrúum fyrirtækja hér á landi.

Virkt samstarf atvinnulífs og skóla í gegnum MIT

MIT háskólinn er einn af framsæknustu háskólum í heiminum og er t.d. í fyrsta sæti yfir bestu háskóla í Bandaríkjunum á sviði tækni og verkfræði og í því þriðja á sviði viðskipta og stjórnunar, auk þess sem hann hefur verið álitinn besti kosturinn hvað varðar framhaldsnám á háskólastigi almennt.

Hvorki fleiri né færri en 63 Nóbelsverðlaunahafar hafa farið í gegnum fræðasamfélag MIT. Skólinn leggur mikla áherslu á virk tengsl við atvinnulífið og raunveruleg verkefni fyrir fyrirtæki og nú hefur opnast tækifæri fyrir íslensk

Aðalheiður Jónsdóttir
Verkefnastjóri
Stjórnendaskóla HR



fyrirtæki til að njóta góðs af því.

Samstarfið fer fram á vettvangi svokallaðs ILP samstarfs (Industrial Liaison Programme) innan MIT en Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík er tengiliður samstarfsins hér á landi. Fulltrúar íslenskra fyrirtækja sem eiga aðild að samstarfinu við HR fá aðgang að ráðstefnum, málþingum og öðrum viðburðum sem skipulagðir eru innan ramma samstarfsins um allan heim.

Í takt við þarfir íslenskra fyrirtækja

Hægt verður að fá hingað til lands sérfræðinga frá skólanum til að halda fyrirlestur eða til að vinna sértækt með fyrirtækjum eða senda fulltrúa til Boston til skrafs og ráðagerða með sérfræðingum ákveðinna fagsviða. Slíkar málstofur eru sérsniðnar að þörfum íslensku fulltrúanna og nýtast t.d. til að styrkja stefnumótun, kynnast því sem er að gerast í rannsóknum og tækni eða til að skoða nýjar aðferðir við stjórnun fyrirtækja.

Aðgangur opnast að nýjungum í tækni eða stjórnun, svo og rannsóknum og greiningum sem verið er að vinna og þannig verður hægt að fylgjast með því allra nýjasta auk þess sem möguleiki er á að leita ákveðinna lausna. Fyrirtæki munu einnig geta fengið sendar rannsóknarniðurstöður og skýrslur eftir þörfum. Með því að bjóða íslenskum fyrirtækjum aðgang að samstarfi við MIT stuðlar Háskólinn í Reykjavík að virkara samstarfi atvinnulífs og skóla og færir sérfræðiþekkingu á fagsviðum inn í fyrirtæki í öllum geirum samfélagsins.

Samningur HR og IÐUNNAR um kennslu og rannsóknir



Háskólinn í Reykjavík og IÐAN fræðslusetur hafa undirritað viðamikinn samstarfssamning um stjórnunar- og rekstrar-nám í iðnaði. Lögð verður áhersla á rannsóknir á iðnaði og hæfni stjórnenda til að þjálfa iðnnema í vinnustaðanámi verður bætt.

Margþættur samningur

IÐAN og HR stefna að því að hefja stjórnunar-, rekstrar- og markaðsnám í janúar 2008. Markmið námsins er að efla stjórnunar- og rekstrarþekkingu í iðnaði. IÐAN og HR vinna að sérstöku samkomulagi um að bjóða kennslufræði á vinnustað og hefst kennslan formlega í janúar 2008. Námið verður metið til eininga hjá HR.

IÐAN og HR gera með sér samkomulag um rannsóknir á sviði iðnaðar sem taki til iðn- og starfsmenntunar, nýliðunar í iðngreinum og færni í stærðfræði.

Samningurinn opnar nýjar leiðir fyrir iðnaðarmenn

Aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um að skort hefur rannsóknir á starfsmenntun og iðnnámi sem samningurinn bætir úr. Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, sagði m.a. við undirritun samningsins að hann opnaði iðnmenntuðu fólki nýja leið í stjórnendanámi.

Sveinn Hannesson, stjórnarformaður IÐUNNAR fræðsluseturs, skrifaði undir samninginn fyrir hönd IÐUNNAR. Hann tók undir orð Svöfu og sagði samninginn marka tímamót fyrir iðnfyrirtækin. Verið væri að svara eftirspurn eftir slíku námi. Nánari upplýsingar veita: Svafa Grönfeldt, rektor HR, Hildur Elín Vignir, frkvstj. IÐUNNAR.

Höldum hringrásinni gangandi

Heiðt hefur verið af stökkunum kynningarátaki um flokkun og endurvinnslu dagblaða, tímarita og auglýsingaefnis undir yfirskriftinni GERUM GOTT ÚR ÞESSU. Þar taka höndum saman Samtök iðnaðarins, SVÞ - samtök verslunar og þjónustu, útgefendur dagblaða og tímarita, prentfyrirtæki og verslunarkeðjur.

Kynnt var merki, sem sett verður á prentefni sem borið er í hús, til að minna á að flokka og skila blöðunum til endurvinnslu að lestri loknum í stað þess að farga þeim með almennu sorpi. Allir sem gefa út dreifipóst eru hvattir til að nota merkið sér að kostnaðarlausu. Verkefniinu verður fylgt eftir með auglýsingum í prentmiðlum.

Aðeins helmingur blaða og tímarita skilar sér í gáma

Dagblöð, tímarit og auglýsingapóstur eru vörur sem hafa að jafnaði stutta viðdvöl á heimilum okkar. Þó vilja fæstir vera án

þeirra. Prentefni, sem berst inn á heimili landsmanna, hefur aukist talsvert á undanförunum árum. Að sama skapi hefur aukist magnið sem sett er í gáma fyrir flokkaðan dagblaða- og tímaritaúrgang. Nú er svo komið að tæplega helmingur af prentefni, sem borið er í hús, skilar sér til endurvinnslu en betur má ef duga skal. Forráðamenn útgáfufyrirtækja, auglýsingastofa og prentsmiðja hafa áhyggjur af þessari þróun og vilja leggja sitt af mörkum til að snúa henni við. Það er vænleg leið til árangurs að minna fólk á að flokka og skila prentefni með sérstöku merki.

Pappír hentar vel til endurvinnslu

Nokkrar góðar ástæður mæla með því að dagblöð séu flokkuð frá öðrum úrgangi og þeim skilað í blaðagáma. Dagblöð og tímarit henta vel í endurvinnslu. Auðvelt er að nota prentuð blöð sem hráefni í nýjar vörur og flokkaður úrgangspappír

Sjálfstæðismenn og iðnaðarmálagjaldið

Í ársskýrslu Samtaka iðnaðarins var nokkuð fjallað um iðnaðarmálagjald og lögmæti þess í tilefni af frumvarpi Péturs H. Blöndal um afnám gjaldsins. Frumvarpið dagaði uppi á þingi. Á landsfundu Sjálfstæðisflokksins í apríl var iðnaðarmálagjaldið til umfjöllunar í iðnaðarnefnd flokksins þar sem ályktun um iðnaðarmál var afgreidd. Í drögum að ályktuninni sagði m.a. svo:

Á undanförunum 15 árum hafa stór skref verið stigin í þá átt að lækka skatta á fyrirtæki og einfalda skattkerfið. Nauðsynlegt er að gera enn betur og losna við þann fortíðarvanda sem skapar skekkju í starfsumhverfi iðnfyrirtækja s.s. iðnaðarmálagjald og vörugjöld af ýmsu tagi.

Í umfjöllun nefndarinnar var yfirgnæfandi meirihluti, fimmtán gegn þremur, þeirrar skoðunar að fella bæri tilvísun til iðnarmálagjalds úr textanum. Talsmenn þess að leggja gjaldið niður í nefndinni voru ekki sáttir við niðurstöðuna og var málið borið undir landsfundarfulltrúa. Niðurstaðan varð sú að þeir, sem vildu

Iðnaðarmálagjald er lagt á allan iðnað í landinu og nemur 0,08% af veltu. Ríkið heldur 0,5% af innheimtu gjaldi en að öðru leyti rennur gjaldið til Samtaka iðnaðarins sem verja því til eflingar iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Iðnaðarráðuneytið fær árlega skýrslu um ráðstöfun gjaldsins. Gjaldið hefur verið lagt á frá árinu 1975.

gjaldið feigt, voru 179 en 222 töldu að ekki ætti að amast við því eins og yfirgnæfandi meirihluti iðnaðarnefndarinnar lagði til.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er ljóst að frumvarp Péturs H. Blöndal gengur þvert gegn stefnu Sjálfstæðisflokksins eins og hún birtist í niðurstöðu landsfundarins.

Rétt er að það komi skýrt fram að Samtök iðnaðarins hafa lýst þeirri skoðun sinni að þau séu fús til þess að ræða endurskoðun iðnaðarmálagjalds enda verði það þáttur í heildarendurskoðun fjárveitinga og markaðra tekjustofna til einstakra atvinnugreina, stéttarféлага og hagsmunasamtaka.



Gerum gott úr þessu

Nýtt endurvinnslumerki prentmiðla á Íslandi

Hvetjum fyrirtæki og stofnanir til að merkja prentað efni s.s. blöð, tímarit, fréttabréf, bæklinga og markpóst með nýja merkinu.

Notkun þess er frjálst og því er dreift án endurgjalds í hágæða upplausn á www.si.is



Samtök iðnaðarins
Samtök verslunar og þjónustu

er seldur á markaði í fjölbreytta framleiðslu. Þetta er hringrás sem auðvelt er að halda gangandi ef við flokkum og skilum. Þeir sem flokka og skila blöðum viðhalda hringrás efnisins, skila hráefniinu aftur til framleiðenda sem búa til nýjar vörur úr þeim sem koma til okkar aftur innan fárra vikna og mánaða.

Endurvinnsla hagkvæmari en urðun

Það er betra fyrir umhverfið að endurvinnna pappír en urða hann. Ef borin eru saman umhverfisáhrif endurunnins pappírs og nýs pappírs kemur sá endurinni að jafnaði betur út. Þar munar mestu um minni losun gróðurhúsalofttegunda vegna flutninga og framleiðslu á pappír.

Flokkunin er einföld því að setja má saman dagblöð, tímarit, auglýsingapóst og prentpappír sem til fellur á heimilum og skila í sérstaka gáma sem eru á fjölförnum stöðum eða til endurvinnslustöðva. Einnig bjóða gámafyrirtæki endurvinnslutunnu við heimahús og í þær má láta flokkaðan úrgang, m.a. dagblöð og annan pappír.

Samstarfsvettvangur um opinber innkaup

Dagana 27. – 28. mars sl. var haldinn 10. dinn stefnumótunarfundur á Hótel Sel fossi á sviði Samstarfsvettvangs um opinber innkaup – nýsköpun, rannsóknir og þróun. Að fundinum stóðu Samtök iðnaðarins og Ríkiskaup. Fundinn sátu m.a. fulltrúar fyrirtækja innan vébanda SI, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og innkaupaaðila, þ.e. Landsvirkjunar, Landspítalaháskóla-sjúkrahúss, Orkuveitu Reykjavíkur, Vega-gerðarinnar, Orkustofnunar og Hafrannsóknarstofnunarinnar. Leitast var við að skilgreina þann árangur, forsendur og áhersluverkefni sem þarf að vinna að á slíkum samstarfsvettvangi.

Þátttaka í fundinum var mjög góð og margar góðar hugmyndir settar fram. Góð samstaða var í hópnum um þá aðferðafræði sem beitt var við að reyna að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að með samstarfsvettvangnum. Búið er að frumvinna úr niðurstöðum fundarins og leggja fram drög að forgangsverkefnum fyrir vettvanginn. Framundan er að skilgreina nánar viðfangsefni samstarfsvettvangsins og skipa vinnuhópa.

Fréttaskot Samtaka

upplýsingatæknifyrirtækja

Stjórn SUT hefur ákveðið að reglulega verði gefið út rafrænt fréttaskot samtakanna. Í fréttaskotinu verða stuttar fréttir um verkefni og málefni sem tengjast upplýsingatækni bæði á vettvangi samtakanna sjálfra og fyrirtækja innan þeirra vébanda. Fréttaskotið verður sent aðildarfyrirtækjum SUT, fjölmiðlum og fleirum.

SUT þátttakandi í verkefni um opin hugbúnað

Samtök upplýsingatæknifyrirtækja eru þátttakendur í norrænu verkefni um opin hugbúnað sem Norræna nýsköpunarmiðstöðin – NICe styrkir. Verkefnisstjórn er í höndum norsku UT samtakanna, IKT-Norge en auk þeirra taka samtök opins hugbúnaðar í Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku þátt í verkefninu sem verður kynnt fljótlega. Nú er unnið að gerð upplýsingavefjar verkefnisins. Þátttaka í verkefninu verður m.a. nýtt til að móta stefnu SUT varðandi opin hugbúnað.



Frá vinstri: Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri, Guðjón Steindórsson, framkvæmdastjóri Orkuvarðar ehf. sem á og rekur RES Orkuskóla, Björn Gunnarsson, forstöðumaður akademísku hluta RES Orkuskóla, Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra, Benedikt Sigurðarson, stjórnarmaður Orkuvarðar, Þórlaifur S. Björnsson, forstöðumaður RES Orkuskóla og Davíð Stefánsson, stjórnarformaður Orkuvarðar ehf.

RES orkuskóli formlega tekinn til starfa á Akureyri

RES orkuskóli (The School for Renewable Energy Science) tók nýlega formlega til starfa með opunarhátíð í Ketilhúsinu á Akureyri. Skólinn er afrakstur fjögurra ára undirbúningsferlis og verður alþjóðleg einkarekin mennta- og vísindastofnun á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.

Fyrsti nemendahópur skólans er væntanlegur til Akureyrar eftir um fjórar vikur en áætlað er að nemendur verði 50-80 þegar skólinn verður kominn í fulla starfsemi. Ljóst er að umfang skólans kallar á byggingu vísindagarða og fleiri stúdenta- og vísindastofna við Háskólann á Akureyri.

Á opunarhátíðinni var tilkynnt um 150 milljóna króna framlag úr Þróunarsjóði EFTA vegna umsóknar fimm tækniháskóla í Póllandi um að pólskir verkfræðingar stundi nám í orkufræðum við orkuskólann. Sömuleiðis var tilkynnt að ríkisstjórnin hefði ákveðið að veita skólanum 60 milljóna króna stuðning.

Orkuvörður ehf. stendur að rekstri skólans og hefur með stuðningi fyrirtækja og stofnana á borð við Vaxtarsamning Eyjafjarðar, Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands undirbúið stofnun skólans. Stofnhlutafé Orkuvarðar ehf. verður alls um 200 milljónir króna. Hluthafar eru Þekkingarvörður ehf., sem Samtök iðnaðarins eiga aðild að, RARIK, KEA, Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga, Landsvirkjun, Norðurorka, Akureyrarkaupstaður og Landsbanki Íslands.

Íslenskir vísinda- og tæknimenn í forystu í orkumálum

Orku- og umhverfismál verða sífellt meira áberandi í umræðunni samhliða aukinni orkunotkun, hærra orkuverði og

áuknum umræðum um loftslagsbreytingar.

Sérstaða og þekking Íslendinga á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa er mikil. Í því liggja meginrökkin fyrir að velja sérhæfðum orkuskóla, eins og RES, stað á Íslandi.

Samstarf við tugir erlendra háskóla

Mikill undirbúningur liggur að baki stofnunar skólans en tugir erlendra skóla munu tengjast honum. Meginverkefni skólans verður að bjóða eins árs alþjóðlegt meistaranám í vistvænni orkunýtingu, eða 90 ECTS eininga nám.

Stefnt er að því að í náinni framtíð bjóði skólinn nám á öllum sviðum endurnýjanlegra orkugjafa. Þar á meðal eru jarðvarmi, vatnsafl, vindorka, sjávarfallaorka, sólarorka, lífmassi. Auk þess verður lögð áhersla á efnarafala og þá sérstaklega vetni sem orkubera.

Sjá nánar á vefsetri SI www.si.is

Ásgeir Magnússon

SI



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
5. tbl. 13. árg. Maí 2007
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðu: 22.05.2007
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Námsefnisstyrkir

Styrkir til námsefnisgerðar í greinum sem varða iðnað

Framtíð iðnaðar veltur á menntun og mannauði. Aukin þekking gefur iðnaðinum takmarkalaus tækifæri til vaxtar, nýsköpunar og útrásar. Mikilvægt er að nemendum í iðn- og starfsnámi standi til boða námsefni við hæfi.

Samtök iðnaðarins auglýsa eftir umsóknum um styrki til náms- efnisgerðar í iðngreinum og öðrum greinum sem varða iðnað.

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru eftirfarandi:

- Fyrir liggja skuldbinding um heildarframvindu verkefnis
- Verkefnið svari raunverulegri þörf fyrir náms- eða kennsluefni
- Verkefnið sé unnið í samvinnu við þá sem málið varðar, s.s. skóla, félaga og fyrirtækja
- Aðrir en Samtök iðnaðarins fjármagni verkefnið a.m.k. að hálfu
- Þeir sem vinna verkefnið hafi reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði
- Tryggt skal að námsefnið nýtist til kennslu í skólum og á vinnustöðum
- Styrkur er greiddur eftir því sem verki vindur fram

Nánari upplýsingar á www.si.is

Umsóknarfrestur: 31. maí 2007



Samtök iðnaðarins